



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 14. janúar 2025, fundur hófst kl. 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson

Fjarverandi: Hermann Vilmundarson

1. Tryggingar

Lárus tekur boltann og klárar.

2. Ljósamál.

Rafvirki leggur til að kaupa allar perur fyrir Samskipahöllinna sem til eru í landinu, 50 stk. Ákveðið að kaupa ledljós í Hattarvallahöllina en bíða með framkvæmdir í Samskipahöllinni um sinn.

3. Taðmál

Davíð var að stórum fundi með Sorpu í dag, mun senda samantekt á stjórn.

4. Félagsgjöld

Davíð er búinn að undirbúa nánast allt fyrir útsendingu félagsgjalda. Lárus hendir út öllum ógreiddum kröfum eldri en fyrir 2024.

5. Nefnd um reiðskóla fatlaðra

Hákon í Herði hafði samband vegna samvinnu hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu um starfsemi reiðskóla fatlaðra. Stjórn samþykkir að vera með í slíku samstarfi.

6. Samningur við Samskip

Jónína og Katla klára málið.

7. Starfsmannamál

Búið að taka viðtal við tvo umsækjendur. Báðir frambærilegir og hæfir en með mismunandi styrkleika. Samþykkt var að Davíð myndi hafa samband við annan þeirra og bjóða honum starfið. Einnig samþykkt að bjóða Þórdísi að hækka starfshlutfallið út apríl og endurmeta stöðuna þá.

8. Nefndarkvöld

Ákveðið að halda nefndarkvöld í febrúar. Þörf er á að fá sem flesta félagsmenn til að taka þátt í nefndarstörfum fyrir félagið.

9. 1. deildin

Undirbúningur fyrir fundinn um 1. deildina.

10. Almannaheillaskrá

Lárus fer í að endurnýja umsókn Sprettis að Almannaheillaskrá.

Fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson